

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps vegna Dagverðarness.

Skipulagsstofnun staðfesti 7. janúar 2020 breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 27. nóvember 2019.

Breytingin er í landi Dagverðarness ofan Skorradalsveggar (508) og felst í því að svæði C-F2 frístundabyggð minnkar um 4 ha en til verður nýtt 3,9 ha frístundabyggðarsvæði E-F2 austan við frístundabyggð D-F2. Óbyggt svæði ofan við minnkar um 44,9 ha þar sem til verða tvö ný skógræktarsvæði Q, 15,4 ha og 32 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. janúar 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2020